

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56v (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/35/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56w. **32009 L 0020:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um tryggingu skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum (Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 128).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/20/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 128.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.